



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 14. október 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Laufey Ólafsdóttir og Haukur Arnþórsson. Katrín Baldursdóttir, Rán Reynisdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hefur ekki verið samþykkt.

2. Haustfundur sósíalista, yfirferð

Rætt var hvernig til tókst og almennt þótti fundurinn hafa tekist vel og þær málefnaþefnur sem kynntar voru þóttu góðar.

Sú skoðun kom þó fram að meiri umræðu þyrfti um niðurstöður slembivölu hópanna áður en þær yrðu samþykktar.

Ennfremur kynnti málefnaþefnun umhverfisstefnuna og jafnréttisstefnuna á sama tíma, sína í hvoru herbergi. Sú hugmynd kom fram að fundarmenn ættu að hafa tækifæri til að taka þátt í yfirferð um báðar stefnur og í öðrum tilvikum allar stefnur, það myndi þó e.t.v. þýða of langa fundi.

3. Verkefni fram að aðventufundi

a. Stuðningur við aðrar stjórnir og ráð

Framkvæmdastjórn mun bjóða málefnaþefnun aðstoð við að koma málefnanefndum á fót.

b. Stuðningur við hagsmunabaráttu hinna verr settu

Sjá lið 4.

c. Upplýsingar og áróður

Katrín ætlar að skrifa og vekja athygli á ýmsum atriðum úr þeim stefnum sem slembivölu málefnaþefnarnir hafa samið.

d. Uppbygging flokksins og fjölgun félaga

Hugmynd kom fram um að setja á fót úthringiver til að hringja í Facebook-hóp flokksins. Ennfremur kom sú skoðun fram að flokkurinn þyrfti að vera sýnilegri útávið og jafnvel vera meira áberandi í almennum fjölmiðlum. Málefnanefndirnar sem verið er að setja á fót gætu t.d. haft einn talsmann hver.

e. Annað

Ákveðið var að leita leiða til að auðvelda barnafólki í flokknum að taka virkan þátt í starfinu.

4. Maístjarnan

Engin beiðni um stuðning liggur fyrir hjá Maístjörnunni. Minnt var á að stofna þurfi sér kennitölu fyrir Maístjörnuna. Menn héldu áfram að velta fyrir sér möguleikanum á að leigja húsnæði.

5. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 860.174 kr., Maístjarnan: 2.379.461 kr.

Til stendur að senda út ítrekanir vegna félagsgjalda.

6 Önnur mál

Engin önnur mál.